



Umhverfisskýrsla MTR 2020

Byggð á niðurstöðum úr grænu bókhaldi

unnin af Unni Hafstað

Samantekt	1
Umhverfissvottaðar vörur	1
Sorphirða	2
Heildarlosun CO2 2019	2
Markmið fyrir heildarlosun CO2 2020	2
Kolefnisjöfnun tímabils	3

Samantekt

Menntaskólinn á Tröllaskaga skilaði sínu öðru græna bókhaldi fyrir árið 2020 í apríl 2021. Í þessari skýrslu eru settar fram helstu niðurstöður. Hlutfall umhverfissvottaðra ræstiefna var 100% en inní þeirru tölu eru ekki sóttthreinsivörur vegna Covid-19. Markmiðum hefur ekki verið náð varðandi sorpmál, en hlutfall endurvinnslu er nú 49% og hefur lækkað um 5% milli ára. Hlutfallið var 20% árið 2017 og stefnt er að 80%. Mikil áhersla hefur verið lögð á flokkun í MTR síðan 2017 og því eru þetta ákveðin vonbrigði en ákvörðun var tekin um að læsa sorptunnum skólans til að fá raunhæfar tölur 2021. Enginn pappír var keyptur á árinu.

Í markmiðssetningu fyrir 2021 er gert ráð fyrir að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur og gert ráð fyrir að covid-19 skekki ekki niðurstöður, til dæmis er gert ráð fyrir að hlutfall umhverfissvottaðra vara verði áfram 100% og að hlutfall sorps til endurvinnslu verði 80%. Gert er ráð fyrir aukningu á LGH vegna aksturs starfsmanna til og frá vinnu, en sá akstur hefur ekki verið skráður hingað til.

Heildarlosun CO₂ íg á tímabilinu var 3,1 tonn eða 5,96 kg á stöðugildi. Þar er mest losun vegna flugferða, þá rafmagns og loks úrgangs. Losun jókst um 1 tonn miðað við 2019 og skýrist það af fleiri flugferðum, en dróst verulega saman miðað við stöðugildi, fór úr 89,65 kg niður í 5,96 kg á stöðugildi. Skýringin á þessu er að árið 2020 var heimilt að skrá nemendafjölda (494) og bætist sú tala við fjölda stöðugilda sem var 27.

Losun 2020 hefur verið kolefnisjöfnuð að fullu. Flugferðir voru kolefnisjafnaðar við kaup og afgangurinn hjá Votlendissjóði.

Umhverfissvottaðar vörur

Heildarmagn innkaupa hefur lítið breyst þó magn á stöðugildi hafi lækkað verulega. Það skýrist af því að nú er nemendafjöldi talinn með í fjölda stöðugilda.

	Markmið	Hlutfall/Magn	Markmið fyrir næsta ár hlutfall	Markmið fyrir næsta ár magn/stöðugildi
Hlutfall umhverfissvottaðra vara og þjónustu				
Ræsti og hreinsiefni	98%	100%	100%	
Magn				
Heitt vatn	649,89 m³/stöðugildi	0,04 m³/stöðugildi		
Skrifstofupappír	0,37 kg/stöðugildi	0 kg/stöðugildi		
Ræsti og hreinsiefni	1,74 lítrar/stöðugildi	0,02 lítrar/stöðugildi		

Sorphirða

Hlutfall endurvinnslu hefur lækkað milli ára og ákvörðun tekin um að læsa tunnum skólans.

Sorphirða				
	Almennt til urðunar	Heildar-úrgangur		
Ár	kg	kg	Hlutfall sorps til urðunar	Hlutfall endurvinnslu
2017	1450	2040	71%	29%
2018	1510	2340.5	65%	35%
2019	740	1617	46%	54%
2020	600	1180	51%	49%

Heildarlosun CO₂ 2020

Heildarlosun CO ₂ íg á tímabilinu	
Flokkur	tonn
Rafmagn og heitt vatn	
Heitt vatn	0
Rafmagn	1,064
Samgöngur	
Akstur	0,002
Flug	1,214
Úrgangur	
úrgangur	0,823
Samtals	3,103

Markmið fyrir heildarlosun CO₂ 2021

Ekki er gert ráð fyrir samdrætti þar sem starfsemi í húsi mun væntanlega aukast og stefnt er að því að skrá ferðir starfsmanna til og frá vinnu í grænt bókhald 2021, en það hefur ekki verið gert hingað til.

Flokkur	tonn
Rafmagn og heitt vatn	
Heitt vatn	0
Rafmagn	1,064
Samgöngur	
Akstur	0,5
Flug	1,214
Úrgangur	
úrgangur	0,823
Samtals	3,603

Kolefnisjöfnun tímabils

Kolefnisjöfnun tímabils
3,174
Heildarmagn CO ₂ fg (t)